

Nd.

41. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 44 23. júní 1932, um skipun læknishéraða, verksvið landlæknis og störf héraðslækna.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

Í stað 2. töluliðar 1. greinar laganna komi tveir töluliðir, svo hljóðandi:

2. *Hafnarfjarðarhérað*: Hafnarfjarðarkaupstaður, Bessastaðahreppur, Garðahreppur, Seltjarnarneshreppur fyrir ofan Elliðaár og Fossvog. Læknissetur í Hafnarfirði.

3. *Álafosshérað*: Mosfellshreppur, Kjósarhreppur, Kjalarneshreppur og Þingvallahreppur. Læknissetur að Álafossi.

Liðatalan breytist samkvæmt þessu.

48. töluliður sömu greinar hljóði svo:

49. *Grímsneshérað*: Skeiðahreppur, Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Biskupstungnahreppur, Grímsneshreppur og Laugardalshreppur. Læknissetur að Laugarási.

2. gr.

Lög þessi ganga í gildi 1. janúar 1941.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt að tilhlutun ríkisstjórnarinnar, og fylgdu því svo látandi at-
hugasemdir og skýringar:

Kjósar-, Kjalarness- og Mosfellshreppar innan Kjósarsýslu, en í þeim eru samtals ca. 900 íbúar, teljast til Hafnarfjarðarhéraðs, en Þingvallahreppur í Árnessýslu, sem í eru ca. 80 íbúar, til Grímsneshéraðs. Allir þessir samliggjandi hreppar eiga sameiginlega sérstöðu í því, að þeim er algerlega um hönd að eiga viðskipti við héraðslækna sína. Kjósarsýsluhrepparnir leita aldrei læknis til Hafnarfjarðar og Þingvallahreppur enn síður austur að Laugarási (héraðslæknir mun ekki hafa komið í Þingvallasveit í tugi ára), heldur hljóta þeir allir að skipta við lækna í Reykjavík, enda hefir það opinberlega verið viðurkennt eðlilegt með því að veita allengi undanfarið á fjárlögum 1200 krónur á ári handa lækni í Reykjavík til að sinna sjúkravítjunum í þessa hreppa. Þó að með þessu sé ekki að öllu leyti illa séð fyrir þörfum þeirra, sem beinlínis veikjast í þessum byggðum, fara þær algerlega á mis við aðra lækniþjónustu, hina eiginlegu embættisþjónustu, sem er næsta þýðingarmikil, einkum ef hún byggist á nánnum kunnugleika læknisins á högum fólks og öllum aðstæðum í héraðinu. Er þar um að ræða hverskonar heilbrigðiseftirlit og leiðbeiningar í því sambandi, sem gerðar eru meiri og meiri kröfur um með hverju ári, sem liður. Má þar til nefna herklavarnastarfsemina, sem erfitt er að rækja í sveitahéruðum, nema unnt sé að njóta aðstoðar þaukunnugs héraðslæknis og sívakandi eftirlits hans. Er hvergi á landinu jafnmikill fjöldi fólks á samliggjandi svæði jafnafskiptur að þessu leyti, og er erfitt að afsaka slíkt.

Það er sameiginlegur og eindreginn áhugi íbúa þessara hreppa að fá hér úr bætt með stofnun sérstaks læknishéraðs, og hafa allar hreppsnefndirnar borið fram áskoranir þar að lútandi.

Því er ekki að neita, að einstakar byggðir á landinu eru jafnvel miður settar en þessar byggðir, að því leyti að þær eiga mjög ógreiða læknissókn og hefðu fyrir það meiri og minni þörf á sérstökum lækni. Má nefna þar til dæmis Súgandafjörð, Borðeyri og grennd og Raufarhöfn og grennd, en allir þessir staðir eru stórum fámennari en byggðir þær, sem hér um ræðir, eru hver um sig undir viðunandi umsjá og eftirliti kunnugs og ábyrgs héraðslæknis, auk þess sem þeir vegna legu sinnar og fámennis mundu alls ekki fást skipaðir læknum í fyrirsjáanlegri framtíð, þó að gerðir yrðu að sérstökum héruðum, og þess vegna þegar af þeirri ástæðu fánýtt um að ræða.

Nýtt hérað í Kjósarsýslu, er næði yfir fjóra greinda hreppa, mundi telja nálægt 1000 íbúa, og yrði að visu fámennnt hérað, en þó eru 12 af 49 læknishéruðum fámennari. Þá má telja víst, að vegna legu sinnar í nánd við höfuðstaðinn mundi ekki þurfa að kviða því, að það fengist ekki skipað. Mundi stofnun þess jafnvel geta stutt að því, að hin afskekktari og bagalega lítið eftirsóttu héruð fengjust fremur skipuð, er lækna, sem þangað réðust, ættu til fleiri héraða að lita í nánd við höfuðstaðinn, sem þeir gætu átt von á að flytjast í að lokinni þjónustu á útkjálkum.

Telja má, að þegar sé af hinu opinbera stigið spor í áttina að gera þessar byggðir að sérstöku læknishéraði með styrk þeim á fjárlögum til sérstakrar lækniþjónustu þeirra, sem að framan getur. En hann hefir meðal annars leitt til þess, að hlutaðeigandi héraðslæknar hafa glatað öllu sambandi við byggðirnar. Kostnaðaraukinn verður og fyrir þetta minni en ella, eða kr. 2300.00 í stað kr. 3500.00, miðað við byrjunarlaun héraðslækna í fámennustu héruðum.

Ef læknishérað þetta verður stofnað, er ekki ágreiningur um, hvar læknirinn sé bezt settur, en það er á Álafossi. Auk þess sem sá staður er miðsveitis, á vegamótum og liggur vel við samgöngum, er þar nokkurt þéttbýli, verksmiðja og íþróttaskóli, sem hvorttveggja gæti haft drjúg not af stöðugri návist læknis. Auk þess er á þeim slóðum og raunar víðar í þessum sveitum, og ekki sít á Þingvöllum, talsvert um sumargesti. Bæta þeir nokkuð um fámenni héraðsins og gera að sama skapi þörfina á tilteknum lækni meiri.

Óþarfi virðist að setja í þessi lög ákvæði um laun hins nýja læknis, ef til kemur, sem heima ætti í launalögum, og má ætla nægilegt að vísa til þess í greinargerð, að héraðinu séu ætluð laun í samræmi við það, sem í launalögum getur. En það mundi þá lenda í flokki hinna fámennustu héraða.

Vegna skýrslugerða þykir hentast, ef um breyting á héraðaskipun er að ræða, að hún verði við áramót, og fyrir því er gert ráð fyrir, að lögin gangi ekki í gildi fyrr en 1. janúar á næstkomandi ári.